8. gr.

Samþykkt þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 17/1996, 73/1997 og 81/1991 öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt af sveitarstjórn Skeggjastaðahrepps, 11. nóvember 2003.

Áki Guðmundsson, oddviti hreppsnefndar.

19. desember 2003 Nr. 988

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2004.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 2003 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu og jöfnunargjald vegna alþjónustu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2004. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar.

Við skiptingu greiðslu skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2004 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 10% af þinggjöldum ársins 2003 og 10% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu sem greiða bar á árinu 2003.

Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur, eignarskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald og eignarskatt.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda eða jöfnunargjalds vegna alþjónustu sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2004 skv. 2. gr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra til úrskurðar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra en úrskurður ríkisskattstjóra er endanlegur.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um ræðir fyrir tekjuárið 2003 séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2002. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2004 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112., 115. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. desember 2003.

F. h. r.
Maríanna Jónasdóttir.

Jón Guðmundsson.

Nr. 989 18. desember 2003

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 668 9. september 2003.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar hljóði svo:

Ef prestur er sérstaklega kvaddur til að vinna aukaverk, greiðir sá ferðakostnað prestins er beiðist verksins, samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna og í samræmi við þau viðmið sem fram koma í þessari grein. Ber presti að upplýsa greiðendur fyrirfram um aksturskostnaðinn. Viðkomandi kirkjugarður greiðir þó aksturskostnað vegna kistulagninga, útfara og frágangs duftkerja, sbr. lið c) og d).

a) Akstur vegna skírnar eða hjónavígslu innan prestakalls í þéttbýli sé að hámarki 12 km.
b) Akstur vegna skírnar eða hjónavígslu innan prestakalls í dreifbýli sé að hámarki 30 km.
c) Akstur vegna greftrunar í þéttbýli sé 12 km. Við bætast 12 km ef kistulagning er sérstök athöfn og ennfremur ef prestur kemur að frágangi duftkers í grafreit.
d) Aksturskostnaður vegna greftrunar í dreifbýli sé að hámarki 1/3 af kostnaði vegna þóknunar prests skv. gjaldskrá, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 9/1994.

Eigi er heimilt að innheimta aksturskostnað vegna fermingarstarfa.

2. gr.

Breyting þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 36/1931 um embættiskostnað og aukaverk presta öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2013.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. desember 2003.

Björn Bjarnason.

Hjalti Zóphóníasson.